

Föstudaginn 6. apríl 1951.

Nr. 75/1950. **Ákærvaldið** (Magnús Thorlacius)

gegn

Sveinbirni Guðlaugssyni (Theódór B. Lindal).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson
og próf. Ármann Snævarr í stað hrd.
Jóns Ásbjörnssonar og hrd. Jónatans
Hallvarðssonar.

Brot gegn áfengislögum, bifreiðalögum, umferðarlögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður að telja ákærða sannan að sök um þau brot, sem þar greinir. Brotin varða við þau refsíákvæði, sem rakin eru í dóminum, og auk þess við 1. mgr. 27. gr. og 29. gr. laga nr. 23/1941. Refsing ákærða ákveðst með tilvísun til 2. gr. laga nr. 6/1951 og 2. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 3000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 18 daga varðhald í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og sakarkostnað staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Sveinbjörn Guðlaugsson, greiði 3000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 18 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og sakarkostnað staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verj-

anda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Magnúsar Thorlacius og Theódórs B. Línalds, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluðóms Reykjavíkur 16. maí 1950.

Ár 1950, þriðjudaginn 16. maí, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa saka-dómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1980/1950: Ákærvaldið gegn Sveinbirni Guðlaugssyni, sem tekið var til dóms 19. f. m.

Málið er höfðað gegn Sveinbirni Guðlaugssyni bifreiðarstjóra, Barma-hlíð 44 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 frá 19. jan. 1935 og bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941 og lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

Ákærði, sem fæddur er 17. marz 1902, hefur áður sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

- | | | |
|------|-------|---|
| 1930 | 11/10 | Sætt, sekt 10 kr. fyrir brot gegn 43. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. |
| 1930 | 30/10 | Áminning fyrir afturljósleysi á bifreið. |
| 1931 | 28/7 | Áminning fyrir brot á samþykkt um bifreiðastæði. |
| 1934 | 4/3 | Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 1. gr. laga nr. 13 1941 og ölvun. |
| 1944 | 23/5 | Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1944 | 20/7 | Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot gegn matvæslaskömmtunarlög-gjöfinni. |
| 1945 | 24/8 | Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1945 | 26/9 | Sátt, 500 kr. sekt. fyrir brot gegn matvæslaskömmtunarlög-gjöfinni (stjórn Kron). |
| 1949 | 21/1 | Sátt, 50 kr. sekt, fyrir brot gegn reglum um aðalgötur og hliðargötur. |

Málavextir eru þessir:

Milli kl. 19.00 og 20.00 sunnudaginn 9. okt. s.l. stöðvaði Árni Kristjánsson skrifstofumaður bifreið sína, R—4559, á hægra kanti á eystri akbraut Snorrabrautar utan við aðaldyr Austurbæjarbíós. Fór Árni inn að miðasölunni. Þá heyrði hann skell, og er hann kom út, sá hann, að ekið hafði verið á bifreið hans og henni kastað á bifreiðina R—5977, sem stóð á bílastæðinu milli akbrautanna. Árni kveðst hafa séð, að vörubifreið var ekið suður Snorrabraut, og hafa greinilega séð númer hennar, R—151. Í bifreiðinni R—5977 var eigandi hennar, Sigurður Jónsson, Hjallavegi 33, og auk hans Sigfús Pétursson, Karfavogi 25. Bifreiðinni R—151 var nú ekið um Njálsgötu inn á vestri akbraut Snorrabrautar og síðan til norðurs, og hvarf hún sjónum þeirra, sem voru á staðnum. Eftir að lögreglan hafði komið á staðinn til athugunar, fóru þeir Sigurður og Sigfús að leita að R—151 og fundu hana á Snorrabraut á móts við Gasstöðina. Bifreiðin var mannlauus og ólæst. Að sögn Sigurður voru kveikjuláslyklar ekki í bifreið-

inni, en um þetta atriði man Sigfús ekki. Þeir tilkynntu lögreglunni, hvar bifreiðin væri, og samkvæmt frásögn Björns Eysteins Kristjánssonar lögregluþjóns, sem fór á staðinn kl. rúmlega 21.00, var kveikjuláslykillinn þá ekki í bifreiðinni. Hann tók kveikjuhamarinn úr bifreiðinni og skildi hana eftir á staðnum.

Ákærði var eigandi R—151, sem er vörubifreið af gerðinni International. Hann skýrir svo frá, að umræddan dag, um kl. 18.50, hafi hann skilið bifreiðina eftir á bílastæði á Snorrabraut og farið inn í húsið nr. 30 til að hitta vin sinn Bjarna Guðmundsson bifreiðarstjóra, sem þar býr. Þar var þá staddur Guðjón bifreiðarstjóri Vigfússon, Snorrabraut 36, sem átti fertugsafmæli þenna dag. Kom hann með áfengi til Bjarna. Kveðst ákærði nú hafa tekið að neyta áfengis og fundið nokkur áfengisáhrif, þó ekki mikil. Síðan kveðst ákærði hafa farið út til að læsa bifreiðinni, þar eð hann hafði skilið hana eftir ólæsta með lykilinn í kveikjulásnum. Þá hafði hann séð, að bifreiðin var horfin. Hann segist hafa farið að leita bifreiðarinnar og fundið hana á móts við Gasstöðvarportið. Kveikjuláslyklarnir hafi verið í bifreiðinni. Kveðst ákærði hafa tekið þá, skilið bifreiðina eftir, þar eð hann var undir áfengisáhrifum, og farið heim.

Ákærði telur það hafa verið kl. að ganga 22, sem hann fór út frá Bjarna og kl. hafi a. m. k. verið orðin 22, er hann fann bifreið sína.

Neitar ákærði því algerlega, að hann hafi ekið bifreið sinni á umræddum tíma (kl. milli 19 og 20), og hafi bifreiðin verið tekin í heimildarleysi af einhverjum, sem hann getur ekki tilgreint.

Vitnið Bjarni Guðmundsson segir, að sig minni, að ákærði kæmi til hans laust fyrir kl. 19. Hann hélt því í fyrstu fram, að ákærði hefði dvalizt inni hjá honum þar til kl. rúmlega 21, en síðar kvaðst Bjarni ekki þora að segja um þetta, og sé ekki útilokað, að hann hafi farið út um kl. 19.30, en sig minni þó, að hann hafi farið síðar. Kveður Bjarni þá báða hafa neytt áfengis, en ekki telur Bjarni ákærða hafa verið mikið undir áhrifum áfengis, er hann fór.

Vitnið Guðjón Vigfússon kveðst hafa komið til Bjarna um kl. 19 með eina whiskyflösku, og hafa hitt ákærða þar. Hann kveðst hafa stanzað þar stutt þá. Hann telur það hafa verið kl. ca. 20.30, sem hann kom síðast til Bjarna þetta kvöld, og hafi ákærði verið þar þá. Hann kveðst ekki geta sagt nákvæmlega um tímaákvörðanirnar, en telur þær þó nærri sanni.

Vitnið Böðvar Magnússon vagnasmiður kveðst hafa komið heim til Bjarna um kl. 19 og hafi ákærði verið þar þá. Böðvar kveðst hafa farið burt á undan ákærða og hafa áreiðanlega verið farinn kl. 19.30.

Vitnið Sigurður Jónsson kveðst hafa verið nýsettur inn í bifreið sína, er hann fann, að högg kom aftan á hana. Hann kveðst hafa séð stjórnanda R—151, er henni var ekið norður Snorrabraut, eftir að henni hafði verið beygt inn á nyrðri akbraut. Hafi stjórnandi R—151 litið til hans. Sigurður sá ákærða í skrifstofu rannsóknarlögreglunnar, og kveðst hann með sjálfum sér vera öruggur um, að það hafi verið hann, sem stjórnaði R—151 í umrætt skipti. Sigurður tekur þó fram, að hann geti ekki alveg fullyrt, að þetta álit sitt sé rétt, þar sem hann hafi séð manninn rétt í svip.

Vitnið Sigfús Pétursson kveðst hafa farið út úr R—5977, er högg kom á bifreiðina, og hafa þá séð R—151, sem ekið var suður Snorrabraut og beygt inn Njálsgötu inn á vestari akbraut og ekið í norður. Sigfús segir, að bifreiðinni hafi verið ekið hægt. Hann kveðst hafa veifað til stjórnanda R—151, og hafi hann litið til hans (Sigfúsar), en haldið svo áfram. Sigfús kveðst hafa séð manninn greinilega og kveður alls ekki um að villast, að það hafi verið ákærði.

Vitnið Vigdís Ágústa Sigurðardóttir, 18 ára að aldri, var stödd utan við Austurbæjarbíó í umrætt skipti. Hún skýrir svo frá, að hún hafi séð R—151 koma á fremur greiðri ferð suður Snorrabraut og aka utan í R—4559, og hafi orðið talsverður hávaði af. Vigdís Ágústa kveðst hafa séð stjórnanda R—151, þó ekki mjög greinilega. Henni var sýndur ákærði í hópi fleiri manna, meðan á rannsókn málsins stóð. Benti hún á ákærða og komst svo að orði, að sér fyndist endilega hann vera sá, sem stýrði R—151. Kveðst hún ekki vilja fullyrða um þetta, en telur það mjög líklegt.

Sigurður Jónsson, Sigfús Pétursson og Vigdís Ágústa Sigurðardóttir hafa öll staðfest framburð sinn með eiði.

Þeir Sigurður og Sigfús fundu bifreiðina milli kl. 20 og 21, og var kveikjulaslykillinn þá eigi í bifreiðinni. Fyrir þann tíma hefur ákærði því tekið lykilinn í sínar vörzlur, og er því ljóst, að sá framburður ákærða, að hann hafi fundið bifreiðina eftir kl. 22 og lykillinn þá verið í bifreiðinni, fær ekki staðizt. Er frásögn ákærða yfirleitt fremur ósennileg. Með vætti þeirra þriggja vitna, er áður getur, Sigurðar, Sigfúsar og Vigdísar Ágústu, verður, að þessu athuguðu, að telja fullsannað, að það hafi verið ákærði, sem ók R—151 í umrætt skipti.

Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi setið að drykkju umrætt kvöld. Það, að hann hvarf af árekstrarstað án þess að nema staðar, bendir til, að ekki hafi allt verið með felldu um ástand hans. Þykir sannað, að hann hafi ekið bifreið undir áhrifum áfengis og þannig unnið til refsingar samkvæmt 21. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 1. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941.

Ákærði hélt bifreið sinni við aksturinn ekki nægilega á vinstra hluta akbrautar og olli spjöllum á tveim bifreiðum af þeim sökum. Þetta brot ákærða varðar við 6. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24 16. júní 1941 og 1. mgr. 31. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

Loks hefur ákærði með því að yfirgefa slysstað með framangreindum hætti brotið gegn 9. sbr. 14. gr. umferðarlaga.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febr. 1940 hæfilega ákveðin varðhald 15 daga.

Ákærða var haldið í gæzluvarðhaldi 5 daga, meðan á rannsókn málsins stóð, en eigi eru skilyrði til að láta það koma refsingu hans til frádráttar.

Samkvæmt 21. gr. áfengislaga og 39. gr. bifreiðalaga þykir rétt að svipta ákærða bifreiðarstjóraréttindum eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin

málsvarnarlaun talsmanns síns, Theódórs B. Línalds hrl., er ákveðst kr. 350.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalau.

Dómsorð:

Ákærði, Sveinbjörn Guðlaugsson, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi bifreiðarstjóra eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Theódórs B. Línalds hrl., kr. 350.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 6. apríl 1951.

Nr. 89/1950. **Trolle & Rothe h/f f. h. eigenda e/s**
Fulton og farms þess (Sveinbjörn Jónsson)
 gegn
Skipaútgærð ríkisins og gagnsök
 (Egill Sigurgeirsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson
og próf. Ármann Snævarr í stað hrd.
Jóns Ásbjörnssonar og hrd. Jónatans
Hallvarðssonar.

Bjarglaun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. júní 1950, gerir þessar kröfur:

Aðalkrafa, að dæmd fjárhæð verði lækkuð og gagnáfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varakrafa, að héraðsdómur verði staðfestur og gagnáfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 25. sept. f. á., áfrýjað héraðsdóminum með stefnu 27. sept. f. á. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 230.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 29. janúar 1949 til